

Myndlist

Hin margvíslega meðvitund

I. ■ Getum við talað um annan uppruna hugmynda en þann sem birtist í efninu? Ef við teljum „hugmyndina“ upprunna í óáþreifanlegri orku sem ýmist rýkur úti buskann eða binst í áþreifanlegu efni í verkum manna, gætum við þá ekki ennfremur sagt að þessi orka sé einskona guðs, samanber „hinn guðdómlega innblástur listamanna“?

Skyndfærin „ákveða“ hvað er skynjanlegt í umhverfinu og í gegnum þau berst hin „áþreifanlegri“ heimur inni manninn og kristallast þar yfir í meðvitund. Síðan berst þessi meðvitund aftur útúr manninum og nær einungis staðfestingu í áþreifanlegum verkum (efni). Á þennan veg er hin einkennilega hringrás sköpunarinnar. Hugmyndin og efnið eru samslungin í öllum verkum og ef til vill einungis aðskiljanleg í orðræðunni.

II. Myndlistarmennirnir vinna bæði með höfðinu og höndunum. Eru sívinnandi með höfðinu hvert sem þeir flækjast, ekki síst sofandi eins og þeir segja sjálfir. En til þess að gera þessa vinnu sánka þeir að sér áhöldum og efni á handhægan stað. Þessi staður er vinnustofa listamannsins. Á þeim stað fara fram átökin við efnið; fullnægingin sem hver maður leitast eftir er að beygja það undir meðvitund sína. Getum við talað um djúpa meðvitund? Sá sem nær að sýna fram á hverfi sínu á skynlegan hátt er þá mesti listamaðurinn.

III. Ef enginn yrði verksins áskynja, væri það á vissan hátt ekki til, þess vegna er nauðsynlegt að koma því á framfæri við hina til að ljúka sköpun þess. Þegar munnlegu smiti og sögu-sögnum sleppir, eru boðskort, plaköt og auglýsingastarfsemi í fjölmörgum helstu tengiliðir milli verka listamannsins og hinna (almennings).

IV. Upplýsingamiðlun verður æ mikilvægari þáttur listalífsins, þ.e.a.s. hvað, hvar, hver. Á okkar tímum er „upplýsingin“ á góðri leið með að éta upp verkin. Stundum fá menn bara upplýsingarnar en engin verk, sitja þá uppi sem hluti af einhverskonar „félagslífi“ sem er án forsendu. Helsta staðfesting þess hvort upplýsingarnar hafa komist til skila er öpun sýningarinnar. En öpun er einskona fundur þar sem vandamenn listamannsins koma saman til að skeggraða og bera saman bækur sínar. Með því að kanna hóp öpunargesta má um leið afla bestu fánlegu upplýsinga um félagslega aðstöðu viðkomandi listamanns.

Fjöldi þeirra sem hafa yfirsýn, tilfinningu og dirfsku til


að skilja verkin, sama hvort þau eru „góð eða slæm“, er hins vegar í réttu hlutfalli við fjölsfjölda samfélagsins sem á í hlut.

V. Sýningarstaðurinn; söfn, gallerí eða önnur „hlutlaus“ umgjörð sem listamaðurinn er búinn að flytja verkin sín í frá vinnustofu sinni í 600 ár. Einmitt þessir flutningar og flytjanleiki hafa löngum verið með veikustu þáttum myndlistarinnar og lýsir betur en flest annað undirlægjuhætti og hræðslu „listamanna“ frammi fyrir verstu óvininum sínum, gróðabröllurinum.


VI. Verkin komin á staðinn, en tímabundið, eru svo aftur flutt burt. Hin færanlegu verk, lokað inni eigin formi, segja frá einhverju liðnu sköpunarstríði, ekki frá augnablikinu sem er núna, ekki frá eigin sköpunartíma. Sýningartími, oftast 14 dagar, stundum 10 dagar, sjaldnar skemur eða lengur. Varnir og glingur á „útsölu“ eða markaði, skipt um varning um það bil einu sinni til tvisvar í mánuði. Daglegur öpunartími 2-6, 4-8, 2-10, samrunninn viðskiptatíma búða, banka og bíóa og með samræmd markmið þeirra stofnana.

VII. Hér á undan hefur verið lítilllega drepit á hvernig

myndlistin fer fram og hver eru hefðbundin umsvif þeirra í samfélaginu sem vinna við að búa hana til. Allir þessir hafa mótast og orðið til fyrst og fremst vegna hefða, vana, málamiðlunar og svo frv. þ.e.a.s. vegna sögulegra forsendna. Flestir þessir þættir þarfnast nýsköðunar og gagnrýni, en slík gagnrýni getur hvergi náð þroska nema meðal myndlistarmanna sjálfra, því afurðir starfs þeirra er auðvitað grundvöllur allrar „yfirbyggingar“ kringum „myndlist“. Hins vegar þegar talað er um „myndlistarmenn“ er mönnum furðu gjarnt á að rjúfa þá úr þjóðfélagslegu samhengi og halda því fram að „listin“ sameini þá í einni ópólitískri samkomu. Svo er augljóslega ekki, heldur eru þeir hluti af þjóðfélagsvefnum eins og aðrir. Þess vegna fæða hin margvíslegu spillingaröfl, listapoppararnir, gróðabrallararnir, ofstækismennirnir af sér hvert sína gerð af list og listamönnum. Þetta á einnig við aðra gæfulegri þjóðfélags-hópa. Út frá þessu má líta á alla listsköpunarviðleitni sem „rétt“ gagnvart nýjum og nýjum viðmiðunum. – En verðum við samt ekki að viðurkenna, að við höfum öll svipaða líkama, við fæddumst öll fyrir skömmu, deyjum bráðum o.s.frv.? Meðal annarra orða, það sem veitir raunverulega fullnægingu, er „langvarandi rétt“, er það sem gerir því skil sem er fyrir innan yfirborðið, þ.e.a.s. ruglast ekki á egginu og unganum.




■ Jóhanna K. Yngvadóttir: „Svört kona“ (olía á striga) 1984. Litaskynjun berst sífellt frá dekkra yfir í átt til ljósara og frá ljósara yfir í átt til dekkra. Getum við talað um ljóssvart og dökksvart? Eða er leiðin frá svörtu ekki ávallt yfir í ljósara? Þó stundum sé svart liturinn tengdur dauða og myrkri má eins tengja hann nýju upphafi, nýju ljósi. Konan sem kemur út úr myrkrunu er því bjartsýnskona á leiðinni á móti ljósinu. Flest verk Jóhónnu ganga útá að rjúfa myrkur myndflatarnar, glæða svertuna með nærveru lífverunnar.



■ Erla Þórarinsdóttir: „Put the fish back to the river.“ (Látið fiskinn aftur í ána) mynd 3 úr flökkumyndasýru (Nomad drawings) 1984.

Ein af myndunum 5 á sýningunni sem ekki eru gerðar beint út frá mannverunni. 5 fiskar og 1 étinn. Ekki mynd af neinum sérstökum tegundum heldur táknmynd fiska. Listamaðurinn lætur myndina bara vaða ef svo má að orði komast, útfærslan upperðar primitív án allrar snerpu og spennu. Nafnið ábyrgðarlaus skírskotun til tiskuhugmynda. Margir listamenn allra tíma hafa aldrei botnað í meiri hluta eigin verka. Þeir bara gera þau, varpa þeim fram og svo eiga „hinn“ að sjá um „hugsunina“, í þessum verkum. Einmitt þetta hefur átt drygstan þátt í því að koma þeirri flugu inni koll fólks að það útheimti ekki þekkingu að skilja og njóta listar, heldur dugi smáskammtar af brjóstviti og „tilfinningu“, og vissulega gætu þeir skammtar meira en dugað í þeim tilvikum þar sem ekkert er fyrir hendi í verkunum til að „skilja“ hvort sem er.



■ Steinunn Þórarinsdóttir: „Svo á jörðu“ (járn, steypa) 1984. Útlínur vængjaðrar mannveru eru markaðar í járnvír, andlit hennar er mótað í steypuklessu sem loðir við virinn. Útfærslan er fágud og persónuleg, verkið er sérkennilegt. Þessi mynd hristir uppí okkur. Aumingja mannveran er svo grá og döpur, firrt tilgangi, lokað inn í sjálfri sér, heimur allur á helvegi í bomburómantikinni. Hvað á hún að taka til bragðs? – En viti menn, hún á eina örugga undankomuleið, að láta andlitid detta á gólfid og fljúga út upp um þakið, upp í átt til stjarnanna.

Er kjaftasagan háskóli konunnar?

Á Kjarvalsstöðum sýna nú í Vestursal 9 konur. Af um 70 verkum (60 tívíð, málverk og teikningar, 8 þrívíð, skúlptúrur) eru aðeins 5 verk sem ekki eru af mannverum. Hin öll eru af fólki, köllum og kellingum, liggjandi, sitjandi, gapandi, í kós, gubbandi, ríðandi, mígandi, drekkandi, hoppandi, skeiðandi, reykjandi, aðgerðarlausu, sofandi, dauðu, ósýnilegu. Ef þetta segir eitt-hvað um konur almennt, þá bendir það til þess að þær geri sér fyrst og fremst annað fólk að efnivið, skoði það úr fjarlægð í samburði við sjálfar sig, segi frá því geti í eyðurnar, smjatti á göllunum hjá sumum, en öfundu og dáist að öðrum.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru flest verkin fremur af manndýrum en mönnum. Þau ganga ekki út á samskipti sem vekja erfiðar spurningar, heldur greina frá ýmsum glenningi sem er oft ágætt efni í kjaftasögur en tapar fljótt púðrinu eins og þær. Hér að neðan verður lítið á 3 verk af þessari sýningu.

Þessa grein má lesa á fjóra vegu eins og flestar aðrar greinar. Lesa aðeins fyrirsagnirnar, lesa aðaltextann, lesa það sem skrifað er undir myndunum, lesa myndirnar sjálfar. Hver eining er 25% af greininni í heild. Sá sem les á engan af þessum vegum missir auðvitað af öllu.